



## Slökkvilið Borgarbyggðar.

### Gjaldskrá 2024.

#### I. KAFLI

##### Almennt.

###### 1. gr.

Verkefni Slökkviliðs Borgarbyggðar (SB) ákvarðast af lögum um brunavarnir nr. 75/2000, með síðari breytingum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

###### 2. gr.

Slökkvilið Borgarbyggðar innheimtir ferða- og upphaldskostnað í samræmi við gildandi reglur ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins.

###### 3. gr.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að veita afslátt af eða fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefnið telst þjóna almannahagsmunum og/eða fellur að markmiðum slökkviliðs Borgarbyggðar. Veiting afsláttar eða niðurfelling gjalds skal í hverju tilviki rökstudd og skráð.

#### II. KAFLI

##### Lögbundin verkefni.

###### 4. gr.

Sé ákvæðum 2. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000, með síðari breytingum, beitt skal eigandi eða umráðamaður mannvirkis eða lóðar bera kostnað samkvæmt gjaldskrá af eftirliti með því að farið hafi verið að kröfum um úrbætur skv. 3. mgr. 29. gr. sömu laga. Einnig er heimilt að taka gjald fyrir öryggis- og lokaúttektir skv. 3. mgr. 12. gr. sömu laga.

Fast tímagjald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 12.120 kr.

###### 5. gr.

##### Eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar.

Fyrir eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar skal tekið fast gjald 12.112 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund. Þegar um útkall er að ræða utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns eru innheimtar 48.480 kr. auk 12.120 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggist á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

###### 6. gr.

##### Öryggisvaktir á mannvirki.

Innheimta skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna öryggisvakta eftir að eiganda eða forráðamanni hefur verið tilkynnt ákvörðun slökkviliðsstjóra um öryggisvakt skuli sett á viðkomandi húseign. Á það jafnframt við um tilfallandi vaktir vegna tímabundinna viðburða þar sem fullum eldvörnum verður ekki við komið eða á meðan unnið er að úrbótum á þeim. Innheimtar eru að lágmarki 48.480 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 12.120 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma. Heimild til gjaldtöku byggist á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

###### 7. gr.

##### Lokun mannvirkis.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna lokunar mannvirkis eftir að eiganda eða forráðamanni hefur verið tilkynnt ákvörðun slökkviliðsstjóra um að loka skuli viðkomandi mannvirki. Innheimtar eru 12.120 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Þegar um útkall er að ræða utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns eru innheimtar 48.480 kr., auk 12.120 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggist á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

SRK



**8. gr.****Dagsektir.**

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til frá og með ákvörðun slökkviliðsstjóra um dagsektir og þar til kröfum um úrbætur á eldvörnum hefur verið fullnægt. Innheimtar eru 12.120 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggist á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

**9. gr.****Öryggis- og lokaúttektir.**

Innheimt er fyrir alla vinnu sem fellur til vegna öryggis- og lokaúttektar, að lágmarki 24.240 kr. Fyrir stærri úttektir skulu að auki innheimtar 12.120 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvo tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggist á 3. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir.

**10. gr.****Útköll vegna brunaviðvörðunarkerfa.**

Sé slökkviliðið kallað út vegna boða frá sjálfvirku brunaviðvörðunarkerfi án þess að eldur sé laus skal innheimt fyrir kostnaði af eftirliti með því að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir endurtekin falsboð.

Innheimt er fast gjald fyrir hverja byrjaða klukkustund, 12.120 kr., fyrir eftirlitið. Leiði það hins vegar til frekara eftirlits, vegna ítrekaðra falsboðana eða alvarlegra ágalla á brunavörnum, fellur það undir eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar, sbr. 6. gr. þessarar gjaldskrár og er þá innheimt samkvæmt því. Heimild til gjaldtöku byggist á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

**11. gr.****Umsagnir til opinberra stofnana, fyrirtækja og einkaaðila vegna leyfisskyldrar starfsemi.**

Fyrir umsagnir til annarra opinberra stofnana, fyrirtækja og einkaaðila vegna leyfisskyldrar starfsemi skal tekið fast gjald vegna þriggja klukkustunda vinnu, 42.265 kr., ef skoða þarf viðkomandi stað en gjald fyrir eina klukkustund, 14.425 kr., ef umsögn er afgreidd án skoðunar á staðnum.

**III. kafli****Önnur verkefni og þjónusta****12. gr.**

Slökkvilið Borgarbyggðar sinnir öðrum verkefnum sem eru ekki skilgreind sem verkefni slökkviliðsins samkvæmt lögum nr. 75/2000. Þessi verkefni falla þó að tilgangi slökkviliðs Borgarbyggðar, sem er að vinna að velferð íbúa Borgarbyggðar, séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila. Því ber að taka gjald fyrir veitta þjónustu.

Fast tímagjald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 22.170 kr. nema annað sé sérstaklega tekið fram. Hér er tekið tillit til samkeppnissjónarmiða, þjálfunar, virkjunartíma og þess að þjónustan er aðgengileg allan sólarhringinn, allt árið. Þess er gætt að gjaldið endurspegli eftir bestu getu raunkostnað.

**13. gr.****Ráðgjafarþjónusta.**

Falli ráðgjafavinna undir ákvæði stjórnsýslulaga um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi. Ef ráðgjafavinna er utan ákvæðis d-liðar 1. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000, með síðari breytingum, um leiðbeiningar til fyrirtækja og stofnana er varða brunavarnir og eldsvoða vegna viðkomandi starfsemi, er þjónustan gjaldskyld. Innheimtar eru 22.170 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

**14. gr.****Fylgd vegna sprengiefnaflutninga.**

Sprengiefnafylgd er ekki áskilin í lögum um brunavarnir heldur getur lögreglustjóri sett fram kröfur um fylgd slökkviliðs við flutning sprengiefna. Innheimtar eru að lágmarki 48.730 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 12.120 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma.

57/2



**15. gr.****Viðbúnaður utan gildissviðs laganna.**

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni verkefni sem fellur utan gildissviðs laganna skal slökkviliðsstjóri innheimta fyrir tæki og vinnu samkvæmt gjaldskrá ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal að lágmarki 178.405 kr., auk 22.170 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

**16. gr.****Upphreinsun.**

Upphreinsun sem fellur ekki undir skilgreiningu 3. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 á mengunaróhappi er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, ef ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skal slíku tilviki.

Slökkviliðsstjóri skal innheimta samkvæmt gjaldskrá fyrir vinnu við upphreinsun, fyrir efni sem notuð eru til upphreinsunar, meðhöndlun þeirra og förgun, ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal að lágmarki 178.405 kr., auk 22.170 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

**17. gr.****Verðmætabjörgun og vatnslekar.**

Verðmætabjörgun sem ekki er tilgreind í lögum um brunavarnir, t.d. vegna vatnsleka, er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögnum ef ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Slökkviliðsstjóri skal innheimta gjald fyrir vinnu samkvæmt gjaldskrá ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal að lágmarki 178.405 kr., auk 22.170 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

**18. gr.****Tækjaleiga.**

Tækjaleiga er ekki fyrirskrifuð í lögum um brunavarnir. Þó er eðlilegt að leigja út tæki sem eru þess eðlis að ekki er hægt að leigja þau hjá öðrum aðilum eða að aðstæður kalla á skjóta notkun sem aðrir aðilar geta ekki boðið.

Verðlagning er ákveðin þannig að hún sé ávallt í það minnsta 35% hærri en leiga á svipuðum eða sambærilegum tækjum sem aðrir geta útvegað til að tryggja samkeppnissjónarmið. Oftast er um að ræða dælu- eða körfubíla, t.d. vegna kvikmyndagerðar eða einhvern uppákomu sem kallar á slíkan búnað. Verðlagning á tækjum er endurskoðuð árlega.

Tæki og tækjabúnaður slökkviliðs Borgarbyggðar skal einungis notaður af starfsmönnum slökkviliðsins. Innheimtar eru að lágmarki 48.445 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 12.120 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma, auk tækjaleigu.

**Útleiga tækja Slökkviliðs Borgarbyggðar.**

*Dælubílar 31.670 kr. pr. klst.*

*Mannskaps- og tækjabílar 29.340 kr. pr. klst.*

*Tankbílar 21.890 kr. pr. klst.*

*Körfubíll 39.120 kr. pr. klst.*

*Lausar dætur, rafstöðvar, vatnssugur 6.970 kr. pr /klst.*

**19. gr.****Annað.**

Innheimta skal gjald fyrir aðra vinnu sem ekki er tilgreind hér og ekki er mælt fyrir um í lögum. Innheimt skal fyrir alla vinnu og tæki. Getur þetta átt við um þjónustu vegna sérstakra verkefna, eins og kvikmyndatöku, móttöku erlendra þjóðhöfðingja eða sendimanna, menningarviðburða, námskeiða o.fl. þess háttar.

SK

**IV. KAFLI****Innheimta.****20. gr.**

Borgarbyggð annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari eða innheimtufyrirtæki sem verkefnið er falið samkvæmt samningi þar að lútandi. Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnana. Gjaldalagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjöldum sem til eru komin vegna aðgerða til að knýja fram úrbætur samkvæmt lögum, sbr. 6. gr. til og með 11. gr., fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, sbr. 3. mgr., 12. gr. og 3. og 4. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000, með síðari breytingum.

**V. KAFLI****Gildistaka og lagastoð.****21. gr.**

Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Borgarbyggðar 14. desember 2023, er sett með heimild í lögum nr. 75/2000, með síðari breytingum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim, og er samin með heimild í 3. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000, með síðari breytingum.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B- deild Stjórnartíðinda.

Jafnframt fellur brott eldri gjaldskrá sama efnis nr. 1648/2022

Borgarnesi 14. desember 2023



Stefán Broddi Guðjónsson  
*sveitarstjóri.*